

Breytt deiliskipulag svifbrautar í Hlíðarfjalli.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 9. október 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir svifbraut í Hlíðarfjalli. Breytingin felst í fjölgun bílastæða við Skíðastaði.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi. Að öðru leyti gildir áfram deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar 6. mars 2001.

Akureyri, 28. janúar 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 5/2003 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda 2002.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna álagningar opinberra gjalda á lögaðila er lauk 31. október 2002.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur þessar eigi síðar en 2. apríl 2003. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 21. janúar 2003.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um innheimtu jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2003.

1. gr.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu skal greitt á tíu gjalddögum á árinu 2003. Gjalddagar eru fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu þinggjalda lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Eindagi er einum mánuði síðar. Við skiptingu fyrirframgreiðslu og eftirstöðvar álagningar skal við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð jöfnunargjalds vegna alþjónustu að viðbættum öðrum þinggjöldum en kr. 2.000. á hverjum gjalddaga.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

2. gr.

Par til álagning ársins 2003 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan á hverjum gjalddaga skal nema 10% af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu, sbr. 1. gr., er greiða bar á árinu 2002.